



FJÁRMÁLAEFTIRLITID  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Umræðuskjal

nr. 6/2018

Drög að reglum um váttryggingafélög sem undanþegin eru tilteknum ákvæðum laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en miðvikudaginn 10. október nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is).

**Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara.**

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“.  
Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).

19. september 2018

## REGLUR

### um váttryggingafélög sem undanþegin eru tilteknum ákvæðum laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

#### I. KAFLI

##### Almennt.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um félög sem falla undir undanþáguákvæði 3. mgr. 3. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016.

Með váttryggingafélögum í reglum þessum er átt við slík félög.

2. gr.

*Áætlun um starfsemi váttryggingafélags.*

Áætlun um fyrirhugaða starfsemi, sem fylgja skal umsókn um starfsleyfi, skal ná til þeirra atriða sem fjallað er um í 1., 3. og 4. tölul. 1. mgr. 24. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Til viðbótar skal eftirfarandi koma fram í áætluninni:

- a) Eignir sem eiga að vera til staðar í félaginu til þess að kröfum um lágmarksgjaldþol, skv. 18. gr. í reglum þessum, sé fullnægt.
- b) Áætlun um hvernig váttryggingafélag hyggst fullnægja gjaldþolskröfu 15. gr. reglna þessara fyrstu þrjú heilu reikningsárin.

3. gr.

*Nýir greinaflokkar.*

Uppfylli váttryggingafélag skilyrði um gjaldþolskröfu, skv. 15. gr. reglna þessara, að teknu tilliti til hinnar nýju starfsemi og sé að öðru leyti fallist á umsóknina veitir Fjármálaeftirlitið leyfi fyrir nýju starfseminni.

#### II. KAFLI

##### Eftirlit.

4. gr.

*Eftirlitsferlið.*

Fjármálaeftirlitið skal, við framkvæmd eftirlits skv. lögum um váttryggingastarfsemi og reglum þessum, sér í lagi meta og hafa eftirlit með hvernig váttryggingafélag fullnægir:

- a. kröfum til stjórnkerfis,
- b. kröfum til váttryggingaskuldar,
- c. kröfum til gjaldþols,
- d. kröfum til fjárfestinga.

Fjármálaeftirlitið fylgist með breytingum á fjárhagslegri stöðu váttryggingafélags og hefur eftirlit með að brugðist sé við neikvæðri þróun á viðeigandi hátt.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að váttryggingafélag bæti úr veikleikum eða annmörkum sem koma í ljós við eftirlit.

5. gr.

#### *Gagnaskil til Fjármálaeftirlitsins*

Váttryggingafélag skal afhenda Fjármálaeftirlitinu gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar eru til eftirlits, samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi og reglum þessum, meðal annars til að meta stjórnkerfi váttryggingafélags, starfsemi, gjaldþol, áhættu félagsins, áhættustýringu, uppbyggingu eigin fjár, eiginfjárförf og eiginfjárstýringu.

### **III. KAFLI**

#### **Stjórn og stjórnkerfi.**

6. gr.

#### *Stjórnarmenn og forstjóri.*

Í váttryggingafélagi, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, skal stjórn kjörin á aðalfundi samkvæmt ákvæðum samþykktar félagsins og vera skipuð þremur mönnum hið fæsta.

Stjórn váttryggingafélags skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð félagsins. Stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti nema þau komi til afgreiðslu á vettvangi stjórnar.

Stjórnarmenn váttryggingafélags skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef mál varðar:

- a. viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í,
- b. viðskipti samkeppnisaðila þeirra aðila sem um ræðir í a-lið.

Hið sama skal gilda um viðskipti aðila sem eru tengdir stjórnarmönnum persónulega eða fjárhagslega.

Viðskiptaerindi stjórnarmanna, sem og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir, skulu lögð fyrir stjórn váttryggingafélags til samþykktar eða synjunar. Stjórn váttryggingafélags er þó heimilt að setja almennar reglur um afgreiðslu slíkra mála þar

sem fyrir fram er ákveðið hvaða viðskiptaerindi þurfi, eða þurfi ekki, sérstaka umfjöllun stjórnar áður en til afgreiðslu þeirra kemur.

Stjórnarmenn skulu vera búsettir í aðildarríki, samkvæmt skilgreiningu í lögum um váttryggingastarfsemi, eða ríki sem er aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Forstjóri skal vera búsettur í aðildarríki.

Fái stjórnarmenn eða forstjóri þóknun eða aðrar tekjur af váttryggingum, sem félagið yfirtekur eða lætur af hendi, vegna þátttöku í umboðs- eða miðlunarstarfsemi eða vegna fjárhagslegra hagsmuna í slíkri starfsemi skal Fjármálaeftirlitinu send tilkynning þar að lútandi.

Stjórn og forstjóri skulu án tafar gera Fjármálaeftirlitinu viðvart hafi þeir vitneskju um málefni sem hafa úrslitabýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins.

## 7. gr.

### *Almennar kröfur til stjórnkerfis.*

Váttryggingafélag skal hafa til staðar skilvirkt stjórnkerfi sem tryggir að því sé stjórnað á traustan og varfærinn hátt. Stjórnkerfið skal vera í samræmi við eðli, umfang og margbreytileika starfseminnar og rýnt eigi sjaldnar en árlega.

Stjórnkerfið skal að lágmarki fela í sér gagnsætt og viðeigandi stjórnskipulag með skýrri dreifingu og aðgreiningu ábyrgðar ásamt skilvirkri miðlun upplýsinga.

Stjórn skal setja skriflega stefnu sem tekur a.m.k. til áhættustýringar, innra eftirlits, innri endurskoðunar og útvistunar ef við á. Stjórn skal tryggja innleiðingu framangreindra stefna og að þær séu rýndar eigi sjaldnar en árlega.

Váttryggingafélag skal gera ráðstafanir, þ.m.t. viðbragðsáætlun, til að tryggja rekstrarsamfellu í starfseminni.

Telji Fjármálaeftirlitið að stjórnkerfi váttryggingafélags sé óviðunandi getur það krafist úrbóta.

## 8. gr.

### *Áhættustýring.*

Váttryggingafélag skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða skilvirku kerfi áhættustýringar sem gerir félaginu kleift að greina, mæla, stjórna og hafa eftirlit með og tilkynna um yfirvofandi hættur sem geta haft áhrif á starfsemi félagsins og víxl tengsl á milli þeirra.

Áhættustýring skal vera skilvirk og vel samþætt skipulagi og ákvarðanatöku váttryggingafélags.

Váttryggingafélag skal tilnefna starfsmann hjá félaginu til að bera ábyrgð á áhættustýringu og skal tilnefningin tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Láti sá starfsmaður af

störfum skal það jafnframt tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Áhættustýring váttryggingafélags skal vera óháð öðrum starfseiningum félagsins.

Áhættustýring skal hið minnsta taka til eftirfarandi þátta:

- a. áhættutöku vegna sölu váttrygginga og meðhöndlunar tjóna,
- b. eigna- og skuldastýringar,
- c. fjárfestingaráhættu,
- d. lausafjárahættu og samþjöppunaráhættu,
- e. rekstraráhættu,
- f. endurtrygginga og annarra áhættuvarna.

9. gr.

#### *Mat á váttryggingaskuld*

Váttryggingaskuld líftryggingafélags skal metin af tryggingastærðfræðingi sem skal starfa í samræmi við 3.-6. mgr. 48. gr. laga um váttryggingastarfsemi.

Stjórn skaðatryggingafélags skal sjá til þess að váttryggingaskuld félagsins sé metin af aðila sem til þess hefur næga sérþekkingu. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að slíkt mat fari fram telji það stjórn félagsins ekki hafa sinnt þessu hlutverki sínu með fullnægjandi hætti.

10. gr.

#### *Innra eftirlit.*

Stjórn váttryggingafélags skal tryggja að til staðar sé skilvirkt kerfi innra eftirlits sem hefur a.m.k. stjórnunar- og reiknings-skilaferla, skipulag og tilhlýðilega skýrslugjöf á öllum sviðum starfseminnar.

Sé ekki unnt að tryggja viðeigandi aðskilnað starfa, sökum smæðar váttryggingafélags, skal váttryggingafélagið tryggja að innra eftirlit sé nægilega ítarlegt til að lágmarka líkur á hagsmunaárekstrum.

11. gr.

#### *Innri endurskoðun.*

Váttryggingafélag skal hafa virka innri endurskoðun sem felur í sér mat á skilvirkni og gæðum innra eftirlitskerfis og annarra þátta stjórnkerfisins.

Innri endurskoðun heyrir beint undir stjórn og skal vera hlutlæg og óháð öllum einingum váttryggingafélagsins.

Innri endurskoðun skal upplýsa stjórn um allar niðurstöður og ábendingar innri endurskoðunar. Stjórn tekur ákvörðun um aðgerðir og ber ábyrgð á að þeim sé framfylgt. Eigi sjaldnar en árlega skal innri endurskoðun gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir niðurstöðum kannana sinna.

12. gr.

*Útvistun.*

Vátryggingafélag sem útvistar hluta af starfsemi sinni ber ábyrgð á því að farið sé að lögum um vátryggingastarfsemi og reglum þessum.

Útvistun mikilvægra verkefna skal ekki leiða til skerðingar á þeim kröfum sem gerðar eru til félagsins í lögum um vátryggingastarfsemi og reglum þessum. Þá skal útvistun ekki leiða til takmörkunar á möguleikum Fjármálaeftirlitsins til að sinna eftirliti með því hvort vátryggingafélag uppfylli skyldur sínar.

Vátryggingafélag skal upplýsa Fjármálaeftirlitið fyrirfram um útvistun mikilvægra verkefna svo og um breytingar sem verða á þeirri útvistun.

13. gr.

*Upplýsinga- og tilkynningarskylda endurskoðanda.*

Endurskoðandi vátryggingafélags skal gera Fjármálaeftirlitinu tafarlaust viðvart fáa hann vitneskju um að gjaldþolskröfu eða kröfu um lágmarkgjaldþol, skv. IV. kafla reglna þessara, sé ekki fullnægt.

## **IV. KAFLI**

### **Gjaldþol og gjaldþolskrafa**

14. gr.

*Gjaldþol.*

Gjaldþol vátryggingafélags er samtala eftirtalinna gjaldþolsliða:

Innborgað hlutafé að frádregnum eigin hlutabréfum félagsins.

1. Varasjóðir sem ekki eru til að mæta skuldbindingum félagsins og óráðstöfuð ágóðaskuld líftryggingafélags.
2. Óráðstafaður hagnaður að frádregnu ójöfnuðu tapi, ráðgerðum arðgreiðslum og óefnislegum eignum.
3. Nauðsynlegar afskriftir og niðurfærslur. Sé nauðsynlegt að afskrifa eða niðurfæra eignaliði umfram það sem gert er í efnahagsreikningi skal það koma til lækkunar gjaldþoli. Meðal annars skal hafa hliðsjón af atriðum utan efnahags.
4. Hlutdeild í hlutdeildarfélagi sem vátryggingafélag á í öðrum vátryggingafélögum, eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum á fjármálasviði.

Gjaldþol vátryggingafélags er reiknað með því að leggja saman fjárhæðir skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. og draga frá fjárhæðir skv. 4.–5. tölul. 1. mgr. Ef horfur eru á að gjaldþol

verði einhvern tímann á næstu þremur árum lægra en gjaldþol reiknað skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. skal til viðbótar færa gjaldþolið niður um muninn á framantöldum liðum og áætluðu lægsta gjaldþoli á næstu þremur árum.

15. gr.

*Gjaldþolskrafa.*

Gjaldþolskrafa váttryggingafélags er samtala gjaldþolskröfu vegna starfsemi í greinaflokkum skaðatrygginga og gjaldþolskröfu vegna starfsemi í greinaflokkum líf- og heilsutrygginga.

16. gr.

*Gjaldþolskrafa vegna starfsemi í greinaflokkum skaðatrygginga.*

Gjaldþolskrafa váttryggingafélags vegna starfsemi í greinaflokkum skaðatrygginga er ákvörðuð sem samtala lækkunar á gjaldþoli samkvæmt 2. mgr. að viðbættum 15 prósentum af fjárhæð váttryggingaskuldar miðað við eigin áhættu váttryggingafélags.

Við ákvörðun gjaldþolskröfu váttryggingafélags skal reikna út lækkun gjaldþols miðað við að eftirfarandi atburðir ættu sér stað á sama tíma:

1. Gangvirði eignarhluta váttryggingafélags í fasteignum, lóðum og byggingum og eignarhlutum í félögum, sem eiga slíkar eignir, lækkar um 20 prósent.
2. Gangvirði eignarhluta váttryggingafélags í hlutabréfum, sem falla ekki undir 1. tölulið, lækkar um 40 prósent.
3. Gangvirði eignarhluta váttryggingafélags í verðbréfasjóðum, fjárfestingasjóðum og fagfjárfestasjóðum lækkar um 40 prósent.
4. Gangvirði eignarhluta váttryggingafélags í skuldabréfum og öðrum skuldaskjölum útgefnum af öðrum en aðildarríkjum samkvæmt skilgreiningu í lögum um váttryggingastarfsemi lækkar um 20 prósent.

Við útreikning á lækkun gjaldþols samkvæmt 2. mgr. má beita gegnsæisáðferð eins og félagið ætti þær eignir sem það á hlutdeild í í gegnum verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði.

17. gr.

*Gjaldþolskrafa vegna starfsemi í greinaflokkum líf- og heilsutrygginga.*

Gjaldþolskrafa váttryggingafélags vegna starfsemi í greinaflokkum líf- og heilsutrygginga er ákvörðuð sem samtala lækkunar á gjaldþoli samkvæmt ákvæðum 2. mgr. að viðbættum 5 prósentum af fjárhæð váttryggingaskuldar miðað við eigin áhættu váttryggingafélags auk 0,3 prósent af samtölu váttryggingafjárhæða í eigin hlut.

Við ákvörðun gjaldþolskröfu váttryggingafélags skal reikna út lækkun gjaldþols miðað við að eftirfarandi atburðir ættu sér stað á sama tíma:

1. Gangvirði eignarhluta váttryggingafélags í fasteignum, lóðum og byggingum og eignarhlutum í félögum, sem eiga slíkar eignir, lækkar um 20 prósent.

2. Gangvirði eignarhluta váttryggingafélags í hlutabréfum, sem falla ekki undir 1. tölulið, lækkar um 40 prósent.
3. Gangvirði eignarhluta váttryggingafélags í verðbréfasjóðum, fjárfestingasjóðum og fagfjárfestasjóðum lækkar um 40 prósent.
4. Gangvirði eignarhluta váttryggingafélags í skuldabréfum og öðrum skuldaskjöllum útgefnum af öðrum en aðildarríkjum samkvæmt skilgreiningu í lögum um váttryggingastarfsemi lækkar um 20 prósent.

Við útreikning á lækkun gjaldþols samkvæmt 2. mgr. má beita gegnsæisaðferð eins og félagið ætti þær eignir sem það á hlutdeild í í gegnum verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði.

18. gr.

#### *Lágmarksgjaldþol.*

Gjaldþol váttryggingafélags skal á hverjum tíma nema minnst gjaldþolskröfu félagsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal gjaldþol váttryggingafélags með starfsemi í greinaflokkum skaðatrygginga aldrei nema lægri fjárhæð en 120 milljónum króna.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal gjaldþol váttryggingafélags með starfsemi í greinaflokkum líf- og heilsutrygginga aldrei nema lægri fjárhæð en 180 milljónum króna.

## **V. KAFLI**

### **Sérstakar ráðstafanir.**

19. gr.

#### *Verklagsreglur vegna versnandi fjárhagsstöðu*

Váttryggingafélag skal hafa verklagsreglur sem gera því kleift að greina versnandi fjárhagsstöðu og skal það gera Fjármálaeftirlitinu viðvart án tafar ef hætta er talin á að gjaldþolskröfu eða kröfu um lágmarksgjaldþol verði ekki fullnægt.

20. gr.

#### *Ráðstafanir vegna ófullnægjandi váttryggingaskuldar.*

Telji Fjármálaeftirlitið mat váttryggingafélags á váttryggingaskuld ekki vera nægjanlegt til að mæta skuldbindingum vegna gerðra váttryggingasamninga getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að það hækki váttryggingaskuldina.

Fjármálaeftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun váttryggingafélags á fjármunum og eignum þess uppfylli það ekki skilyrði um mat á váttryggingaskuld.



21. gr.

*Ráðstafanir ef váttryggingafélag fullnægir ekki gjaldþolskröfu.*

Fullnægi váttryggingafélag ekki gjaldþolskröfu eða telji það hættu á að slíkt gerist innan þriggja mánaða skal það tilkynna Fjármálaeftirlitinu um stöðuna, án tafar.

Váttryggingafélagið skal, að kröfu Fjármálaeftirlitsins, gera áætlun um endurreisn fjárhags þar sem fram kemur hvenær og með hvaða hætti gjaldþolskröfunni verður fullnægt. Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort áætlunin teljist fullnægjandi.

Áætlun samkvæmt 2. mgr. skal miðast við að endurreisn fjárhags taki ekki lengri tíma en sex mánuði og skal tilgreina hvernig aukið er við viðurkennda gjaldþolsliði eða dregið úr áhættu þannig að gjaldþolskröfu verði fullnægt. Fjármálaeftirlitið getur framlengt frestinn um þrjá mánuði ef það telur þess þörf.

22. gr.

*Ráðstafanir ef váttryggingafélag fullnægir ekki kröfu um lágmarksgjaldþol.*

Fullnægi váttryggingafélag ekki kröfum um lágmarksgjaldþol eða telji það hættu á að slíkt gerist innan þriggja mánaða skal félagið án tafar tilkynna Fjármálaeftirlitinu um stöðuna.

Váttryggingafélagið skal, að kröfu Fjármálaeftirlitsins, gera áætlun um fjármögnun til skamms tíma um það hvenær og á hvaða hátt markinu verði náð. Fjármálaeftirlitið ákveður hvort þær ráðstafanir sem ráðast á í teljist fullnægjandi. Slík áætlun skal miðast við að endurfjármögnun taki ekki lengri tíma en þrjá mánuði og í henni skal gerð grein fyrir hvernig aukið er við viðurkennda gjaldþolsliði eða dregið úr áhættu félagsins þannig að kröfu um lágmarks gjaldþol verði fullnægt.

Fjármálaeftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun váttryggingafélags á fjármunum sínum og eignum sé það liður í endurfjármögnun félagsins. Fjármálaeftirlitið skal þá tilgreina hvaða eignum váttryggingafélaginu er óheimilt að ráðstafa. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið takmarkað eða bannað útgáfu nýrra váttryggingaskírteina og gripið til annarra aðgerða sem það telur nauðsynlegar.

23. gr.

*Heimildir Fjármálaeftirlitsins vegna versnandi fjárhagslegrar stöðu.*

Þrátt fyrir ákvæði 21. og 22. gr. getur Fjármálaeftirlitið, þegar fyrirséð er að fjárhagsstaða váttryggingafélags muni enn versna, gripið til frekari aðgerða sem það telur nauðsynlegar til að verja hagsmunum váttryggingartaka.

Aðgerðir Fjármálaeftirlitsins skulu endurspegla hversu alvarlegt ástandið er og hversu lengi það varir.

24. gr.

*Áætlanir um endurreisn fjárhags og endurfjármögnun.*

Áætlanir skv. 21. og 22. gr. skulu að lágmarki fela í sér:

- a. áætlaðan rekstrarkostnað, m.a. almennan kostnað vegna daglegs reksturs og umboðslauna,
- b. sundurliðaða áætlun um tekjur og gjöld í frumtryggingum og gjöld í endurtryggingum sem félagið kaupir,
- c. áætlaðan efnahagsreikning,
- d. greinargerð um fjármagn sem ætlað er að mæta váttryggingaskuld, gjaldþolskröfu og lágmarksgjaldþoli,
- e. endurtryggingastefnu félagsins.

Á því tímabili sem áætlanir samkvæmt 21. og 22. gr. eru í gildi skal Fjármálaeftirlitið ekki heimila félaginu að taka við váttryggingastofni frá öðru félagi ef það telur hagsmunum váttryggingartaka ógnað.

25. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 3. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaeftirlitinu, xx. október 2018.*